

Ísafjarðarbær
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Selfoss, 11. desember 2019
Tilvísun: 1606047

Efni: Beiðni um umsögn vegna umsóknar ÍS-47 á 1.200 tonna framleiðslu á regnbogasilungi og þorski í Önundarfirði

Matvælastofnun hefur til meðferðar umsókn um stækkun á rekstrarleyfi frá ÍS-47 ehf. vegna 1.200 tonna framleiðslu á regnbogasilungi og þorski í sjókvíum í Önundarfirði. ÍS-47 er í dag með 200 tonna rekstrarleyfi til sjókvíaeldis á regnbogasilungi og þorski í Önundarfirði sem gefið var út af Fiskistofu árið 2013. Framleiðsla og hámarkslífmassi ÍS-47 í Önundarfirði er innan þess burðarþolsmats sem Hafrannsóknastofnun hefur gefið út fyrir fjórðinn en áhættumat Hafrannsóknastofnunar á ekki við eldi á regnbogasilungi og þorski. Um er að ræða umsókn um stækkun rekstrarleyfis fyrir sjókvíaeldi í Önundarfirði.

Í samræmi við 7. gr. laga 71/2008 um fiskeldi óskar Matvælastofnun hér með eftir umsögn Ísafjarðarbæjar vegna fyrirhugaðrar leyfisveitingar um það hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldisstöðvarinnar eða fyrirhugaðar eldistegundir, eldisstofnar eða eldisaðferðir gefi tilefni til neikvæðra vistfræði- eða erfðafræðiahrifa sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi.

Framkvæmdin er háð mati á umhverfisáhrifum og tenglar á matsskýrslu fyrirtækisins og álit Skipulagsstofnunar fylgir umsagnarbeiðninni (í tölvupósti).

Umsögn óskast send Matvælastofnun á mast@mast.is fyrir **16. janúar 2020** og einnig á tölvupóstfang: hjortur.methusalemsson@mast.is. Ef umsögn berst ekki fyrir tilskilinn frest er litið svo á að ákveðið hafi verið að veita ekki umsögn vegna málsins.

Virðingarfyllt
f.h. Matvælastofnunar



Hjörtur Methúsalemsson
Sérfræðingur fiskeldis

Meðfylgjandi fylgigögn:

Fylgiskjal 1: Matsskýrsla ÍS-47 ehf.
Fylgiskjal 2: Álit Skipulagsstofnunar